



## Áherslur aðalskipulagsins og bílastæðastefna



- Að mörkuð verði skýr stefna um bílastæði í deiliskipulagi, m.a. til að stýra umferðarflæði og vali á ferðamáta og til að lágmarka áhrif bílastæða á götummyndina.
- Að mögulegt verði að víkja frá kröfum um fjölda bílastæða á miðsvæðum og almennt innan eldri byggðar þar sem aðrir ferðamátar en einkabilinn eru æskilegir
- Að þróuð verði ákvæði í deiliskipulagi, einkum miðsvæða, sem fela í sér hvatningu til framkvæmdaaðila að staðsetja bílastæði með þeim hætti að áhrif á götummyndina verði sem minnst, sbr. reglugerð (nr.420/2002) um breytingu á skipulagsreglugerð nr. 400/1998, 3. gr.



Markviss stefna í bílastæðamálum styður áherslur aðalskipulagsins um þéttari byggð, aukin gæði byggðar og eflingu almenningssamgangna. Þessar áherslur aðalskipulagsins skapa aftur á móti skilyrði fyrir hugsanlegar breytingar á bílastæðareglum. Þéttari byggð og öflugri almenningssamgöngur á miðsvæðum skapa möguleika á því að víkja frá ítrustu kröfum um fjölda bílastæða sem aftur skapar skilyrði til að bæta götummyndina og umhverfi gangandi og hjólandi vegfarenda.



Í aðalskipulaginu eru sett fram sérstök ákvæði um bílastæðamál í miðborginni og í væntanlegri byggð á landfyllingu við Ánanaust. Í miðborginni er gert ráð fyrir að mögulegt verði að víkja frá lágmarkskröfum skipulagsreglugerðar um fjölda bílastæða og þar verði almennt gerð sú krafa að eitt bílastæði fylgi hverri íbúð og eitt stæði á hverja 50 m<sup>2</sup> atvinnuhúsnæðis. Sérstök áhersla er lögð á það að bílastæði í miðborginni verði í bílastæðahúsum, neðanjarðar, inni í byggingum, að húsabaki eða með þeim hætti að sem minnst röskun verði á götummyndinni. Að jafnaði verður ekki krafist bílastæða af húsbýggjendum en þeim gert skylt að greiða bílastæðagjöld vegna byggingar almenningsbílastæða (sjá *Þróunaráætlun miðborgar*. Samgöngur). Taka verður tillit til þessara ákvæða við gerð deiliskipulags í miðborginni. Í deiliskipulagi einstakra svæði í miðborginni verður mögulegt að víkja enn frekar frá kröfum um fjölda bílastæða enda sýnt fram á að þörfin verði uppfyllt með öðrum hætti.

Gert er ráð fyrir að byggð á landfyllingu við Ánanaust verði skipulögð með þeim hætti að þar þrífist öflugar almenningssamgöngur, gönguvegalengdir til þjónustu verði almennt stuttar og hugsanlega verði samnýting á bílum meðal íbúa í hluta hverfisins. Þörf fyrir bílastæði verður því minni og gert er ráð fyrir að flest bílastæði verði staðsett í jaðri hverfisins.



Nánari ákvæði um bílastæði varðandi áhrif á ásýnd og gæði byggðar verða sett fram í riti um gæði byggðar í íbúðarhverfum og á atvinnusvæðum (sjá markmið 2a í *Greinargerð I - Stefnumörkun*) sem verður leiðbeinandi við gerð deiliskipulags. Stefna borgarinnar um framboð, staðsetningu og gjaldskyldu bílastæða, sem miðar að því að stýra umferðarflæði og hafa áhrif á ferðavenjur, verður sett fram í samgöngustefnu Reykjavíkur.